

14. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

23. desember 1974.

Nr. 424.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Í stað síðasta málsliðar 2. töluliðar 1. mgr. (Vegur á vestari gjáarbarmi) auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 komi: Umferð um veg þenna hafi biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Hafnarfjarðarveg (1. tölul.). Akstur af Hafnarfjarðarvegi inn á Kópavogsbraut er bannaður, svo og akstur af Kópavogsbraut inn á Hafnarfjarðarveg. Þá skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa biðskyldu við gatnamót Hábrautar skv. ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Akstur af Hafnarfjarðarvegi til suðurs inn í Vogatungu er bannaður (Bönnuð vinstri beygja).

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 23. desember 1974.

Sigurgeir Jónsson.

27. desember 1974.

Nr. 425.

AUGLÝSING

um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 1974, er hvers konar varsla og meðferð kókains óheimil frá og með 15. janúar 1975.

Á þetta jafnt við sölt kókains og hvers konar samsetningar að undanskildum: Oculoguttae cocaini 2% Ph. Nord. og Solutio cocaini 4% Ph. Nord., sem heimilt

verður að nota í læknisfræðilegum tilgangi eftir lyfjaávisun læknis með sömu skilyrðum og áður hafa verið í gildi um afhendingu og eftirritun þessara lyfja.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 3% frá 1. desember 1974 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr., svo og greiðslna samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um sérlyf, sem tekin eru af sérlyfjaskrá frá og með 1. janúar 1975.

Angitrit (Leo, 904) töflur.

Cafergot PB (Sandoz, 384) töflur.

Dexedrine (SKF, 495) hylki, töflur.

Insulin Novo (Novo, 232) stungulyf.

Lysivane (Pharma Rhodia, 391) töflur.

Panteric (Parke-Davis, 901) töflur.

Quixalin (Squibb, 460) töflur.

Remiderm (Squibb, 681) krem, smyrslí, úðalyf.

Solcoseryl (Solco, 1281) hlaup, smyrslí.

Sumycin (Squibb, 284) saft.

Zink-Protamin-Insulin Novo (Novo, 236) stungulyf.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.